

Lög Hundaræktarfélags Íslands

I.

1. Félagið heitir Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
2. Markmið HRFÍ er að:
 - a) Beita sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundakynja sem viðurkennd eru af Alþjóðasambandi hundaræktarféлага (Fédération Cynologique Internationale, F.C.I).
 - b) Varðveita, hreinrækta og kynbæta íslenska fjárhundinn.
 - c) Stuðla að réttri meðferð, aðbúnaði og uppeldi hunda.
 - d) Stuðla að góðum samskiptum milli hundeigenda, yfirvalda og almennings.
3. Til þess að ná fram markmiðum sínum skal HRFÍ:
 - a) Ættbókarfæra hreinræktaða hunda í ættbók Hundaræktarfélags Íslands samkvæmt þeim reglum sem stjórn félagsins setur og og þeim kröfum sem FCI gerir til aðildarféлага sinna um ættbókarskráningar hunda.
 - b) Stofna ræktunardeildir sem standa vörð um ræktun og ræktunarmarkmið viðkomandi hundakynja, sbr. VII. kafla laga þessara.
 - c) Halda ræktunarsýningar, vinnu- og veiðipróf. Bera ábyrgð á menntun leiðbeinenda, sýningarritara og dómara félagsins.
 - d) Gefa út félagsblað, efna til námskeiða fyrir hundeigendur og fræða almennt um rétta meðferð, aðbúnað og uppeldi hunda.
 - e) Fylgjast með nýjungum og rannsóknum á sviði erfðafræði, atferli og heilbrigði hunda og fylgjast með tíðni meðfæddra og/eða arfgengra sjúkdóma í hundum á Íslandi.
 - f) Eiga samstarf við sambærileg erlend félög og alþjóðleg samtök.
 - g) Fylgjast með því að yfirvöld virði rétt hunda og hundeigenda og knýja á um úrbætur í þeim efnum þar sem við á.
4. Heimilt er að stofna vinnudeildir hunda og svæðafélög innan HRFÍ. Nánari reglur um þau skal stjórn félagsins setja. Vinnudeildir og svæðafélög skulu starfa í samræmi við lög og reglur HRFÍ.

II. Félagsmenn

5. a) Félagsmenn geta allir þeir orðið sem áhuga hafa á málefnum HRFÍ og eru ekki félagsmenn í öðrum félögum sem vinna á móti HRFÍ og markmiðum þess, hafa ekki gerst sekir um illa meðferð á dýrum eða á annan hátt vanvirt markmið félagsins eða skaðað orðstýr þess. Kosningarétt og kjörgengi hafa þeir sem greitt hafa félagsgjald sitt fyrir það ár sem aðalfundur er haldinn, í síðasta lagi einni viku áður en kjörfundur hefst.

b) Börn fullgildra félagsmanna geta fengið aukaaðild að félaginu að uppfylltum skilyrðum 5. greinar um félagsaðild. Aukaaðild veitir rétt til þátttöku í öllu starfi félagsins. Aukaaðild veitir þó hvorki kosningarrétt né kjörgengi, hvorki á aðalfundi né á ársfundum deilda að Unglingadeild undanskilinni. Gjald fyrir aukaaðild skal vera helmingur af félagsgjaldi.

6. Stjórn félagsins getur kjörið heiðursfélaga. Viðkomandi skal hafa lagt sérlega mikið af mörkum í þágu málefna félagsins.

III. Félagssfundir

7. Félagssfundir HRFÍ hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda í apríl eða maí ár hvert. Til aðalfundar skal boða með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði og á heimasíðu félagsins með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins.

Félagssfundir skal halda:

- a) Ef endurskoðendur kjörnir á aðalfundi fara fram á það.
- b) Ef meira en 1/10 hluti félagsmanna óska þess.
- c) Ef stjórn HRFÍ telur sérstaka ástæðu til þess.

Krafa um félagssfund skal vera skrifleg, stíluð á stjórn HRFÍ og í henni skal greina frá hvaða mál fundurinn á að fjalla um. Félagssfund skal halda innan 15 daga frá því að krafa berst stjórn HRFÍ. Stjórn HRFÍ ákveður fundartíma og fundarstað. Félagssfund skal boða með a.m.k. einnar viku fyrirvara á sama hátt og aðalfund. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins og tilefni.

Félagssstjórn er heimilt að ákveða að aðalfundur eða félagssfundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur eingöngu rafrænt eða rafrænt samhliða hefðbundnum fundi, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarins talin fullnægjandi fyrir framkvæmd slíkra funda.

Ákvörðun um að aðalfund eða félagssfund skuli halda rafrænt, sbr. 4. mgr., skal getið í fundarboði. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tækjabúnað sem félagsmenn þurfa til þess að geta tekið þátt í fundinum, upplýsingar um hvort og þá hvernig tilkynna þurfi þátttöku á fundinum, upplýsingar um hvernig félagsmenn mæta til fundar (s.s. aðgangsorð eða rafræn skilríki), upplýsingar um hvernig félagsmenn geta tekið þátt í fundarstörfum (s.s. tekið til máls), upplýsingar um það hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar félagsmenn geta nálgast leiðbeiningar um framangreint og frekari atriði sem snúa að framkvæmd og þátttöku rafræns fundar.

8. Formaður HRFÍ setur aðalfund.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögsmátt fundarins kannað.
2. Skýrsla stjórnar HRFÍ.

3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar
4. Skýrsla um starfsemi síðanefndar
5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil.
6. Lagabreytingar.
7. Kosning formanns og annarra stjórnarmanna skv. 10 gr. eða formaður kjörstjórnar kynni niðurstöður rafrænna kosninga til formanns og annarra stjórnarmanna kosnum skv. 10. gr.
8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara.
9. Kosning síðanefndar
10. Önnur mál.

Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu og á heimasíðu félagsins næsta virka dag eftir að þær berast. Ef tillaga er lögð fram á aðalfundi um mál sem ekki er að finna undir önnur mál skv. þessum tölulið, getur fundurinn ákveðið að taka hana til umfjöllunar, en ekki til ákvörðunar.

9. Félagsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Ekki má greiða atkvæði samkvæmt umboði. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Við kosningar á milli manna skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg, fari einhver fundarmanna fram á það, sbr. þó sérstakar reglur um rafrænt stjórnarkjör skv. 10. gr. laga þessara. Atkvæðagreiðsla um önnur mál getur verið skrifleg, fari einhver fundarmanna fram á það og fundarstjóri samþykkir.

Sé aðalfundur eða félagsfundur haldinn rafrænt skulu atkvæði greidd rafrænt með þeim hætti sem upplýst verður um í fundarboði, sbr. 5. mgr. 7. gr. Atkvæðagreiðsla vegna kosninga til formanns, meðstjórnenda og varamanns í stjórn skulu þó fara fram í samræmi við 10. gr. laga þessara.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn í kosningum á milli manna, skal varpa hlutkesti þannig að úrslit fáist.

IV. Stjórn félagsins

10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára fyrir þá stjórnarmenn sem kjörnir eru á sama tíma. Endurkjör er leyfilegt. Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar. Formaður og/eða stjórnarmenn HRFÍ skulu ekki vera á launaskrá hjá félaginu.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert og nöfn frambjóðenda skulu tilkynnt á heimasíðu félagsins 31. mars eða fyrsta virka dag eftir það. Kynning frambjóðenda skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

Aðalfundur er kjörfundur stjórnarkjörs en kosning utan kjörfundar skal fara fram á skrifstofu félagsins síðustu fimm virka daga fyrir aðalfund í amk fjórar klukkustundir á hverjum degi. Kosningar til formanns, meðstjórnenda og varamanns í stjórn mega fara fram með rafrænum hætti og þá skal kjörfundur standa í eina viku fyrir aðalfund, þó þannig að kosningu ljúki tveimur klukkustundum áður en boðaður aðalfundur hefst. Ef ákveðið er að kosningar skuli framkvæma með rafrænum hætti skal í fundarboði aðalfundar skal upplýst um framkvæmd rafrænna kosninga og reglur sem um þær gilda.

Stjórn félagsins skal eigi síðar en 31. janúar ár hvert skipa þriggja manna kjörstjórn til að annast framkvæmd stjórnarkjörs fyrir komandi starfsár og úrskurða um vafaatriði. Þá skal stjórn innan sama frests setja reglur um störf kjörstjórnar og framkvæmd kosninganna. Reglur þessar og skipan kjörstjórnar skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en 1. febrúar. Framkvæmdastjóri félagsins skal vera starfsmaður kjörstjórnar.

11. Stjórn HRFÍ fer með málefni félagsins milli félagsfunda.

Stjórn skal auk þess sem kveðið er á um í lögum þessum:

- a) Undirbúa mál sem félagsfundur fjallar um.
- b) Taka til meðferðar ályktanir félagsfunda.
- c) Bera ábyrgð á fjárreiðum og öðrum eigum HRFÍ.
- d) Skila ársreikningum HRFÍ til endurskoðenda fyrir lok mars ár hvert.
- e) Sjá um ráðningar og uppsagnir starfsfólks, ákveða laun og önnur kjör, taka saman starfslýsingar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk og hafa tilsjón með starfi þess.
- f) Setja reglugerðir um starfsemi félagsins.
- g) Skipa í fastanefndir á fyrsta fundi eftir aðalfund og setja þeim starfsreglur.
- h) Skipa kjörstjórn og setja reglur um störf kjörstjórnar og framkvæmd kosninga, sbr. 10. gr. laga þessara.

Stjórn HRFÍ getur skipað nefndir og vinnuhópa, bæði úr eigin hópi og utan, til þess að sjá um ákveðin mál stjórnar. Fastanefndir félagsins eru: Ritnefnd, sýningarstjórn, vísindnefnd, skólanefnd, ættbókarnefnd, laganefnd og æskulýðsnefnd. Fastanefndir skulu gefa stjórn félagsins skýrslu um starfsemi sína fyrir lok mars ár hvert.

12. Formaður boðar til stjórnarfunda, en í forföllum hans varaformaður. Fundirnir skulu boðaðir með tryggilegum hætti og með a.m.k. tveggja daga fyrirvara. Stjórn HRFÍ skal koma saman a.m.k. einu sinni í mánuði.

Stjórnarfundir eru ályktunarbærir þegar þrjú stjórnarmenn eru mættir til fundar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Gerðir stjórnar skulu bókfærðar.

V. Fjárreiður.

13. Formaður HRFÍ auk tveggja annarra stjórnarmanna rita firma HRFÍ. Allar meiri háttar fjárskuldbindingar skal bera undir félagsfund.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu birtir í félagsblaði. Þeir skulu einnig liggja frammi á skrifstofu félagsins 5 dögum fyrir aðalfund og jafnframt sendir öllum félagsmönnum á tölvupóstlista.

14. Stjórn félagsins ákveður gjaldskrá félagsins fyrir ár hvert. Heimilt er að fella niður félagsgjald þeirra félaga 67 ára og eldri, sem greitt hafa félagsgjöld samfellt síðastliðin 10 ár.

Heiðursfélagar greiða engin félagsgjöld.

VI. Fulltrúaráð

15. Í fulltrúaráði situr stjórn og varastjórn félagsins, formenn deilda og svæðafélaga. Einnig getur stjórn tilnefnt fulltrúa í ráðið frá nefndum félagsins.
16. Tilgangur fulltrúaráðs er að efla tengsl og samvinnu hinna ýmsu starfssviða innan HRFÍ. Það skal vera stjórn félagsins til ráðgjafar við ýmsar ákvarðanir, s.s. ákvörðun félagsgjalds og önnur mál sem stjórn óskar að leggja fyrir ráðið.
17. Árlega skal stjórn kynna fulltrúaráði skýrslur fastanefnda og fjárhagsáætlun félagsins.
18. Stjórn félagsins kallar fulltrúaráð saman þegar ástæða er til.

VII. Ræktunardeildir

19. Heimilt er að stofna ræktunardeildir innan HRFÍ í samræmi við reglur félagsins þar um og að fengnu samþykki félagsfundar, sbr. 21. gr. laga þessara. Verksvið ræktunardeilda er eftirfarandi:
 1. Að standa vörð um að ræktun viðkomandi hundakynja stefni að því ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI.
 2. Að vera ráðgefandi og búa yfir haldgóðri þekkingu um hvað eina er varðar ræktun og undaneldi sem og þekkingu á meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum hjá viðkomandi hundakynjum. Ræktunarstjórnir skulu halda nákvæma skrá yfir allt það sem að gagni má koma við ræktun.
 3. Að miðla fræðslu um viðkomandi hundakyn og stöðu ræktunarmála hverju sinni. Stjórn setur deildum og ræktunarstjórnnum þeirra starfsreglur. Gögn ræktunardeilda eru eign HRFÍ.
20. Meðlimir ræktunardeilda geta þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í HRFÍ. Kosningarrétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir, sem eru skráðir eigendur hunda eða hafa verið skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild í tvö ár og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Færist hundur í nýja deild við stofnun deildar eða sé deild lögð niður fylgir kjörgengi og atkvæðaréttur hundinum í nýja deild og missir eigandi/eigendur þá kjörgengi og atkvæðarétt í fyrri deild. Hverjum hundi geta ekki fylgt fleiri en tvö atkvæði og séu fleiri en tveir eigendur hunds skráðir eigendur þarf að tilgreina hvaða tveir eigendur eigi kjörgengi og kosningarétt.

Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort heldur þau greiða félagsgjald sem hjón eða í sitthvoru lagi sé annað þeirra skráð fyrir hundi í deildinni.

21. Stjórn HRFÍ skal setja reglur um stofnun og skipulag ræktunardeilda. Hafa skal að leiðarljósi að stofnstærð og gæði hunda af viðkomandi kynjum séu með þeim hætti að eðlileg og heilbrigð ræktun geti átt sér stað og að til staðar sé haldgóð þekking á viðkomandi hundakynjum, meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum, ræktun og undaneldi sem og störfum ræktunardeilda. Telji stjórn HRFÍ grundvöll vera fyrir ræktunardeild skv. ofangreindu, skal stjórn á vefsíðu félagsins kalla eftir sjónarmiðum um mögulega stofnun ræktunardeildar og skal að lágmarki veita tvær vikur til þess að skila inn athugasemdum. Að sama skapi skal liggja fyrir greinargerð vísindanefndar HRFÍ. Telji stjórn HRFÍ, að teknu tilliti til greinargerðar vísindanefndar, andmæla félagsmanna og deilda félagsins, grundvöll vera fyrir ræktunardeild, skal tillaga þess efnis lögð fyrir félagsfund HRFÍ til samþykktar. Greinargerðir stjórnar og vísindanefndar ásamt framkomnum andmælum eða meðmælum sem bárust stjórn, skulu fylgja tillögu eða vera aðgengilegar fundarmönnum á heimasíðu félagsins. Til þess að stofna ræktunardeild, þarf 2/3 hluta atkvæða á félagsfundi.
22. Ræktunardeildir skulu halda ársfund á tímabilinu 1. janúar til 31. mars á hverju ári og skila stjórn HRFÍ ársskýrslu sinni, ársuppgjöri, lista yfir stjórnarmenn deildarinnar og öðrum upplýsingum sem stjórn félagsins kann að óska. Skulu gögn þessi send fyrir 15. apríl ár hvert. Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá þessari reglu.
23. Félagsfundur HRFÍ getur lagt niður ræktunardeild ef:
 - a. Ræktunardeild fer skriflega fram á það.
 - b. Ræktunardeild sinnir ekki lögboðinni starfsemi vegna lítillar virkni og fárra meðlima að mati stjórnar HRFÍ. Skylt er stjórn HRFÍ að gera tillögu til félagsfundar um að leggja niður ræktunardeild hafi hún ekki í þrjú ár í röð haldið ársfund né skilað stjórn HRFÍ gögnum skv. 22. gr. laga þessara
 - c. Ræktunardeild hefur ekki staðið við skyldur sínar skv. lögum og reglum HRFÍ

Áður en félagsfundur tekur til afgreiðslu tillögu um að ræktunardeild skuli lögð niður, skulu forsvarsmenn hennar fá tækifæri til að tjá sig um málið. Til þess að leggja niður ræktunardeild, þarf 2/3 hluta atkvæða á félagsfundi.

VIII. Hundaskóli HRFÍ

24. Starfrækja má hundaskóla innan HRFÍ. Hundaskólinn skal sjá um fræðslu er varðar meðferð, uppeldi og þjálfun hunda undir stjórn viðurkenndra leiðbeinenda.
25. Skólanefnd skal skipuð þremur fulltrúum, tveim tilnefndum af stjórn HRFÍ og einum af starfsmönnum skólans.

IX. Siðanefnd og agareglur

26. Siðanefnd skal kosin á aðalfundi HRFÍ ár hvert. Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar félagsmanna HRFÍ, jafnframt skal kjósa tvo varafulltrúa. Nefndarmenn og varamenn

þeirra geta ekki verið stjórnarmenn í aðalstjórn HRFÍ. Siðanefnd velur sér formann. Siðanefnd er ætlað að gæta þess að félagsmenn HRFÍ hafi í heiðri lög um dýravernd, lög HRFÍ og þær grundvallarreglur sem HRFÍ hefur sett sér varðandi meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda og úrskurða í málum þeirra aðila sem taldir eru hafa brotið gegn reglum og markmiðum félagsins eða unnið gegn því á einhvern hátt innan félags eða utan.

27. Siðanefnd kemur saman ef fyrir liggur skrifleg, rökstudd kæra frá félagsmanni eða stofnun innan HRFÍ. Aðilar málsins mega tjá sjónarmið sín fyrir nefndinni og skal hún leita sátta í þeim málum sem sakir eru miklar ellegar félagsmaður hefur ítrekað sætt áminningu en úrskurða ella. Mál skulu tekin fyrir og afgreidd svo fljótt sem unnt er. Siðanefnd getur úrskurðað í málum til bráðabirgða samkvæmt kröfu málsaðila ef ríkar ástæður eru til þess að mati nefndarinnar. Bráðabirgðaúrskurðir siðanefndar gilda í tiltekinn tíma og er hámarks lengd slíkra úrskurða 3 mánuðir. Siðanefnd getur í einstökum málum fjölgað í nefndinni með því að kalla inn í hana löglærðan fulltrúa utan félagsins. Á fundum siðanefndar ræður afl atkvæða um úrskurði nefndarinnar. Úrskurðurinn skal vera rökstuddur og skal ávallt birtur málsaðilum innan viku frá því að úrskurður er kveðinn upp. Úrskurður siðanefndar er endanlegur. Úrskurðir skulu birtir á vefsíðu HRFÍ. Siðanefnd getur endurskoðað ákvarðanir sínar ef ríkar ástæður eru til.

28. Viðurlög sem siðanefnd getur beitt vegna brota skv. 27. gr. eru:

- 1) Áminning.
- 2) Útilokun frá þátttöku í starfi HRFÍ að fullu eða í tiltekinn tíma.
- 3) Útilokun frá dómarastörfum eða öðrum trúnaðarstörfum að fullu eða í tiltekinn tíma.
- 4) Svipting ræktunarnafns.
- 5) Útilokun frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini HRFÍ, í tiltekinn tíma eða að fullu, hafi aðili vísitandi og á sannanlegan hátt gefið rangar upplýsingar til ættbókar HRFÍ, sýnt ótrúmennsku í ræktunarstöfum eða á annan hátt valdið alvarlegum skaða við ræktun viðkomandi hundakyns.
- 6) Brottvísun úr félaginu að fullu eða í tiltekinn tíma. Siðanefnd getur beitt fleiri en einu ákvæði og getur jafnframt úrskurðað eftir atvikum að viðurlög geti átt við heimilismenn þess sem brotlegur er. Siðanefnd getur úrskurðað um brot fyrrverandi félagsmanns, hafi brotin átt sér stað í félagstíð hans. HRFÍ er ekki ábyrgt fyrir skaða sem aðili kann að verða fyrir vegna umfjöllunar eða úrskurða siðanefndar.

Siðanefnd er heimilt við ákvörðun viðurlaga að líta til þess hvort félagsmaður eða, eftir atvikum heimilismenn hans, hafi á síðustu þremur árum fyrir uppkvaðningu úrskurðar sætt áminningu eða öðrum viðurlögum.

X. Lagabreytingar

29. Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf til þess a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða fundarmanna. Til þess að lagabreyting verði tekin til meðferðar á

aðalfundi, skal hún berast stjórn HRFÍ fyrir 1. mars ár hvert. Lagabreytingartillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins a.m.k. viku fyrir aðalfund.

XI. HRFÍ lagt niður

30. Félagsfundur tekur ákvörðun um að leggja HRFÍ niður. Til þess að sú ákvörðun nái fram að ganga, verður hún að vera samþykkt með $\frac{3}{4}$ hlutum greiddra atkvæða á tveimur félagsfundum sem haldnir eru með a.m.k. tveggja mánaða millibili og skal annar fundurinn vera aðalfundur. Verði slík tillaga samþykkt, skal á fyrri fundinum kjósa þriggja manna skilanefnd er gera skal tillögu um ráðstöfun eigna og skulda félagsins á síðari fundinum.

31. Lög þessi öðlast þegar gildi.